



Hafnarfjarðarbær
Guðrún Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 8. júní 2018

Tilvísun: 201805062 / 3.2

Efni: Vestur hluti Hrauna, milli Reykjavíkurvegjar, Fjarðarhrauns og Flatahrauns

Vísað er til erindis Hafnarfjarðabæjar, dags. 28. maí 2018, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 25. apríl 2018, vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að marka stefnu um breytta landnotkun á 33,6 ha svæði milli Flatahrauns og Reykjavíkurvegjar (Hraun-vestur), sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem verslun- og þjónusta (VP2), íbúðarbyggð (ÍB2) og athafnasvæði (AT1). Fyrirhuguð tillaga gerir ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð með áherslu á íbúðarbyggð.

Um er að ræða stórt svæði sem þegar er nær fullbyggt samkv. gildandi aðalskipulagi og er afar mikilvægt að haft verði víðtækt samráð við hagsmunaaðila á öllum stigum skipulagsgerðarinnar. Í tillögunni þarf að gera grein fyrir hvernig samráðinu var háttað og áhrifum þess á mótun skipulagstillögu, en í lýsingunni er aðeins fjallað um kynningarfundir sem þegar hafa farið fram.

Í tillögunni þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif einstök markmið landsskipulagsstefnu hafi haft á mótun skipulagstillögunnar. Þá er bent á að nýta má markmið sem sett eru fram í kafla 3 í landsskipulagsstefnu, sem viðmið í umhverfismati tillögu. Einnig getur átt við að meta áhrif tillögu á fleiri þætti, svo sem loftgæði, heilsu og öryggi.

Skipulagsstofnun telur að lýsingin gefi góða mynd af viðfangsefninu og gerir ekki athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnisins.


Sigríður Björk Jónsdóttir

